

SIEMENS



easyTek™

Notendahandbók

www.siemens.com/hearing



Lífið hljómar dásamlega skýrt.

Efnisyfirlit

Áður en þú byrjar	4
Það sem fylgir með	4
Heyrnartæki sem eru samrýmanleg	5
Einstakir hlutir	6
Fyrstu skref	8
Hleðsla	8
Hvernig á að ganga með easyTek	10
Heyrnartæki þöruð við easyTek	11
Aðgerðir með fjarstýringu	13
Kveikt og slökkt á easyTek	14
Streyming á hljóði	16
Tæki tengja má við	17
Þörun á Bluetooth-tækjum	19
Þörun við Siemens senda	22
Streyming á hljóðmerkjum	24
Fleiri tæki tengd	25
Hringt í símann	26
Aðgerðir við símtöl	27
Viðhald og þjónusta	30
Þrif	30
Afpörun	30
Endurstilling	31

Aðrar upplýsingar	32
Vinnslufjarlægð	32
Uppsetning á heyrnartækjunum	32
Fylgihlutir	33
easyTek appið	34
Bilanagreining	36
Mikilvægar öryggisupplýsingar	38
Öryggi þitt	38
Öryggi vörunnar	41
Mikilvægar upplýsingar	43
Fyrirhuguð notkun	43
Tákn	43
Flutningur og geymsla	44
Tæknilegar upplýsingar um aflagjafann	45
Upplýsingar um förgun	45
Upplýsingar um samræmingu	46
Sérstakar upplýsingar fyrir einstök ríki	48
Stutt yfirlit	49
Yfirlit yfir hnappa	49
Merking LED-ljósanna	51

Áður en þú byrjar

easyTek er fjarstýring og hljóðstreymir í einu tæki. Tækið tengir heyrnartækin við margvísleg tæki með **Bluetooth®*** þráðlausri tækni svo sem hefðbundin hljómtæki og FM móttakara.



AÐVÖRUN

Lestu þessar leiðbeiningar vandlega og í heild og farðu eftir öryggisupplýsingum þeirra til að komast hjá skemmdum og líkamstjóni.

Það sem fylgir með

Farðu yfir innihald umbúðanna.

- easyTek með hálslykkju:



- USB hleðslukapall:




- Aflgjafi með ýmsum millistykkjum (fer eftir viðkomandi landi)




* Bluetooth er vörumerki og kennimerki í eigu Bluetooth SIG Inc. og notkun Siemens AG á þessum merkjum er samkvæmt leifum. Önnur vörumerki og kennimerki tilheyra viðkomandi eigendum.

Heyrnartæki sem eru samrýmanleg

easyTek nýtist með tilteknum þráðlausum heyrnartækjum frá Siemens. Heyrnarfræðingur ráðleggur þér um samrýmanlegar gerðir.

Einstakir hlutir




-
- 1 Fjölnotahnappur 
 - 2 LED vísiljós (appelsínugult, grænt, blátt)
 - 3 Hálslykkja (sem einnig er loftnet)
 - 4 Op fyrir hljóðnema
 - 5 USB inngangur fyrir hleðslu
 - 6 Endurstillingarhnappur
 - 7 Inngangur fyrir FM móttakara
 - 8 Inngangur fyrir hljómflutningstæki (stöðluð 3,5 mm tengi fyrir hljóð)
 - 9 Styrkstillar  
-

Fyrstu skref

Farðu eftir leiðbeiningunum í þessum kafla til að undirbúa easyTek fyrir notkun.


Hleðsla




ÁBENDING

Nauðsynlegt er að gæta að hvort auðveldur aðgangur sé að rafmagnsklónni svo hægt sé að taka hana úr sambandi frá aflgjafanum ef með þarf.

Ástand rafhlöðu meðan á hleðslu stendur

 stöðugt appelsínugult ljós



▶ Í hleðslu.

 stöðugt grænt ljós

▶ Hleðslu lokið.

Appelsínugula LED-ljósíð sýnir ástand rafhlöðunnar:

Ástand rafhlöðu

-  appelsínugult LED-ljós slökkt
▶ Rafhlaðan er fullhlaðin.
-  blikkar hratt í 5 sekúndur þegar þrýst er á hnapp
▶ Lítil hleðsla á rafhlöðu.

Frekari upplýsingar:

- Notaðu aðeins USB kapalinn og millistykkið sem fylgir tækinu.
Veldu millistykki sem hentar í þínu landi.
- Þegar rafhlaðan er hlaðin gegnum tölvu:
 - easyTek slekkur sjálfkrafa á sér.
 - Kveikt þarf að vera á tölvunni og hún má ekki vera í svæfingu eða bið. Annars getur rafhlaðan tæmst í staðinn fyrir að hlaðast.
- Venjulega tekur það 2 klukkustundir að hlaða rafhlöðuna.
- Sérstakt áhald þarf til að skipta um hleðslurafhlöðu. Hafðu samband við heyrnarfræðing ef þú þarft að láta skipta um rafhlöðu.




ÁBENDING

Ekki skal opna hýsinguna. Tækið gæti skemmst við það.

Hvernig á að ganga með easyTek

Til þess að easyTek starfi rétt þarftu að bera tækið með hálslykkjuna um hálsinn. Hálslykkja sem einnig er loftnet.

- ▶ Taktu aðra innstunguna á hálslykkjunni úr sambandi og láttu lykkjuna liggja lausa um hálsinn.
- ▶ Stingdu báðum innstungunum í samband alla leið ②.







Heyrnartæki pöruð við easyTek

Það þarf að para heyrnartækin þín einu sinni við easyTek. Eftir það er kemst samband á sjálfkrafa þegar kveikt er á heyrnartækjunum og easyTek.

Nauðsynleg skilyrði:

- Slökkt er á báðum heyrnartækjunum (rafhlöðuhólfín opin) og þau eru innan við virkt svið.
- Slökkt er á easyTek.
- Báðar innstungurnar á hálslykkjunni eru í sambandi og þú ert með easyTek um hálsinn.

Pörun:

- ▶ Ýttu á  þar til græna LED-ljósið logar . Þetta tekur um 2 sekúndur.
easyTek leitar að heyrnartækjum í grenndinni .
- ▶ Kveiktu á heyrnartækjunum meðan græna LED-ljósið blikkar : Lokaðu rafhlöðuhólfínu.
Ef þú ert með tvö heyrnartæki þarf að vera kveikt á þeim báðum.

Pörun getur tekið nokkrar sekúndur. Græna LED-ljósíð sýnir ástand pörunar:

Ástand pörunar á heyrnartækjum



blikkar, logar í 5 sekúndur, slokknar síðan

▶ Pörun er lokið. Hljóðmerki heyrast. Nú geturðu notað easyTek.



blikkar, logar í 10 mínútur, slokknar síðan





▶ Ekki var hægt að para heyrnartækin. Sjá kaflann „Bilanaleit“.

Þegar pörun er lokið er easyTek tilbúið...

- ... til notkunar sem fjarstýring. Sjá kaflann „Aðgerðir með fjarstýringu“.
 - ... til að para Bluetooth-tæki meðan bláa LED-ljósíð blikkar . Sjá kaflann „Pörun við Bluetooth-tæki“.
- Ef vilt ekki para Bluetooth-tæki núna heldur síðar skaltu ýta á

Aðgerðir með fjarstýringu

easyTek er fjarstýring fyrir heyrnartækin þín.
Eftirfarandi aðgerðir eru tiltækar:

Aðgerð	Lýsing
Hljóðstyrkur	 eða  Ýttu stutt á til að stilla þrep eftir þrep. Ýttu og haltu þar til æskilegum hljóðstyrk er náð.
Heyrnarforrit	 ýtt stutt ▶ Skiptir á næsta heyrnarforrit. Þessi aðgerð er ekki tiltæk meðan streyming á hljóði er í gangi.
Kveikt/slökkt (bið)	 og  ýtt lengi (2 sekúndur) ▶ Kveikir og slekkur á heyrnartækjunum.



Frekari upplýsingar:

- Ef þú ert með tvö heyrnartæki eru bæði tækin stillt í einu.
- Eftir að kveikt hefur verið á heyrnartækjunum með easyTek er stillt á þann hljóðstyrk og heyrnarforrit sem var síðast í gangi.



Hægt er að kveikja fljótt á heyrnartækjunum með því að ýta stutt á fjölnotahappinn.

Kveikt og slökkt á easyTek

- ▶ Ýttu á  þar til græna LED-ljósið logar . Þetta tekur um 2 sekúndur.

Vísiljós um stöðu



kveikt í 2 sekúndur
▶ easyTek er að fara í gang.



blikkar
▶ Nær sambandi við heyrnartæki.
Ef samband næst strax er hlaupið yfir
upplýsingarnar um stöðu.



kveikt í 5 sekúndur
▶ Heyrnartækin eru tengd.





blikkar hratt í 10 sekúndur
▶ Of lítil hleðsla á rafhlöðunni til að ræsa
easyTek.




deyr út
▶ easyTek slekkur á sér.

Frekari upplýsingar:

- Það slokknar eða kviknar **ekki** sjálfkrafa á heyrnartækjunum þegar slökkt eða kveikt er á easyTek.
- Eftir að kveikt hefur verið á easyTek leitar tækið í 10 mínútur að heyrnartækjum. Ef engin heyrnartæki greinast á þeim tíma slekkur easyTek á sér sjálfkrafa.
Ef þetta gerist: Gakktu úr skugga um að kveikt sé á heyrnartækjunum og reyndu aftur.
- Til að athuga hvort kveikt sé á easyTek er ýtt á  eða . Ef græna LED-ljósið lýsir er kveikt á easyTek.

Streyming á hljóði

Tengdu hljóðgjafann við easyTek - með leiðslu eða þráðlaust. easyTek (streymir) hljóðmerkinu til heyrnartækjanna.



Hljóðmerkið er síðan spilað í gegnum heyrnartækin. Þú þarft ekki neina hátalara eða heyrnartól.

Tæki tengja má við

Hægt er að tengja eftirfarandi tæki:



Bluetooth-síma (allt að tvo)



Bluetooth-hljómtæki svo sem spjaldtölvur, steríó-hljómtæki, ...



Hefðbundin tæki sem tengja má við (hljómtæki með 3,5 mm tengi fyrir hljóð)




Siemens senda (allt að tvo)

Virkja þráðlausa streyningu á hljóði á tækjum sem ekki styðja Bluetooth.



FM móttakari

Þannig má notast við FM útvörp jafnvel þótt heyrnartækin séu ekki með hljóðinngang.

Alltaf þegar streyning á hljóðgjöfum er virk - án tillits til hvaða hljóðgjafi er tengdur við - þá kviknar á bláa LED ljósinu .

Uppsetningin fer eftir gerð tækisins:

- Hefðbundin hljómtæki og FM útvarpstæki þarf aðeins að tengja við.
- Áður en Bluetooth-símar eða Bluetooth-hljómtæki eru tengd við þarf að para þau einu sinni áður en hægt er að hefja streyningu. Sjá kaflann „Pörun við Bluetooth-tæki“.
- Siemens senda þarf einnig að para einu sinni en aðferðin er dálítið frábrugðin. Sjá kaflann „Pörun við Siemens senda“.

Frekari upplýsingar:

- FM útvarpstæki: Sama merkið er sent til beggja heyrnartækja.(mónó-sending).
- Sendar: Einnig er hægt að nota senda frá þriðja aðila. easyTek fer með þá alveg eins og önnur Bluetooth-tæki.

Við mælum með því að notaðir séu Siemens sendar.

Pörun á Bluetooth-tækjum

Það þarf að para Bluetooth-tækið einu sinni við easyTek. Eftir það er kemst samband á sjálfkrafa þegar kveikt er á easyTek og Bluetooth-tækið er innan virks sviðs.

Dæmi um Bluetooth-tæki eru Bluetooth símar, sjónvarpstæki, spjaldtölvur og sendar frá þriðju aðilum.






Aðferðin við að para og nota Siemens sendi er aðeins frábrugðin. Sjá kaflann „Notkun á Siemens sendum“.

Nauðsynleg skilyrði:


- Kveikt er á Bluetooth-tækinu.
- Kveikt er á easyTek.
- Báðar innstungurnar á hálslykkjunni eru í sambandi og þú ert með easyTek um hálsinn.

Pörun við hefðbundin Bluetooth-tæki:


- ▶ Ýttu á  og  samtímis þar til bláa LED-ljósið blikkar . Þetta tekur um 5 sekúndur.
easyTek leitar að tækjum í grenndinni.
- ▶ Settu upp Bluetooth-tækið til að leita að öðrum Bluetooth-tækjum. Sjá nánar í handbók tækisins.
- ▶ Veldu „easyTek“ af listanum yfir tæki sem greinast.
- ▶ Sláðu inn PIN númerið „0000“ ef með þarf.

Pörun getur tekið nokkrar sekúndur. Bláa LED-ljósið sýnir ástand pörunar:

Staða pörunar við hefðbundin Bluetooth-tæki


blikkar, logar í 5 sekúndur, slokknar síðan


▶ Pörun hefur tekist að fullu. Þú getur nú notað Bluetooth-tækið.


blikkar, slokknar síðan

▶ Pörun tókst ekki. Ef þetta gerist þarf að gæta þess að Bluetooth-tækið sé innan virks svæðis og reyndu svo aftur.



Vísbendingar:

- Einnig er hægt að para með easyTek appinu.
 - Til að hætta við þörun er ýtt stutt á .
- Bláa LED-ljósið slokknar.





Pörun við Siemens senda

Það þarf að para Siemens sendinn einu sinni við easyTek. Þú getur notað allt að tvo Siemens senda.

Nauðsynleg skilyrði:

- Kveikt er á easyTek.
- Báðar innstungurnar á hálslykkjunni eru í sambandi og þú ert með easyTek um hálsinn.

Pörun við Siemens senda:

- ▶ Kveiktu á Siemens sendinum.
- ▶ Ýttu á ,  og  samtímis þar til bláa og græna LED-ljósið blikkar . Þetta tekur um 5 sekúndur. easyTek leitar að Siemens sendum í grenndinni.

Pörun getur tekið nokkrar sekúndur. Bláa LED-ljósíð sýnir ástand pörunar:

Staða á pörun á Siemens sendum



blikkar, lýsir síðan

► Pörun hefur tekist að fullu. Streyming hefst sjálfkrafa. Þú getur nú notað Siemens sendinn.



blikkar, slokknar síðan

► Pörun tókst ekki. Ef þetta gerist þarf að gæta þess að Siemens sendirinn sé innan virks svæðis og reyndu svo aftur.



Einnig er hægt að para með easyTek appinu.








Frekari upplýsingar:

- Ef Siemens sendirinn er aðeins utan virks svæðis í stutta stund (minna en 5 mínútur) rofnar sending hljóðmerkisins en tengist sjálfkrafa aftur þegar sendirinn er kominn aftur inn á virkt svæði.
- Ef Siemens sendir er þegar paraður er ekki hægt að para hann aftur.


Streyming á hljóðmerkjum



Um að notkun á síma, sjá kaflann „Hringt í símann“.

Aðgerð	Útskýring
Streyming hefst	<ul style="list-style-type: none">■ Fyrir Bluetooth-hljómtækinu: Settu afspilun í gang á hljómtækinu.■ Fyrir hefðbundin hljómtæki og FM útvarpstæki: Tengdu tækið.■ Fyrir Siemens senda: Ýttu tvisvar .
Hljóðstyrkur	<p> eða  ýttu stutt</p> <p>Ýttu stutt á til að stilla þrep eftir þrep. Ýttu og haltu þar til æskilegum hljóðstyrk er náð.</p>
Hljóðblandari	<p> og  ýttu stutt</p> <p>Ýttu á báða hnappana samtímis til að skipta á milli eftirfarandi inngangsmarkja:</p> <ul style="list-style-type: none">■ Hljóð inn og umhverfishljómur■ Aðeins hljóð inn
Stöðva streymingu	<p> ýttu stutt</p> <p>Bláa LED-ljósið slokknar.</p>
Skipt milli senda	<p> ýttu tvisvar</p> <p>Aðeins fyrir Siemens senda.</p>

i

Til þess að bíða / spila á hefðbundnum hljómtækjum og FM útvarpstækjum er ýtt stutt á .

Þegar hljóðstraumurinn er settur í bið slokknar bláa LED-ljósið.

Fleiri tæki tengd


Ef þú tengir fleiri en eitt tæki við easyTek er spilað af síðasta tækinu sem tengt var við.

Ef þú kveikir á easyTek meðan fleiri en eitt tæki eru tengd velur easyTek eitt af merkjunum í samræmi við þessar reglur um forgang:

- 1 Símtöl
- 2 Bluetooth-hljóðgjafa, r til dæmis tónlistarspilarinn í snjallsíma eða spjaldtölvu (allir nema Siemens sendar)
- 3 FM móttakari
- 4 Hljómtæki (með hefðbundinni 3,5 mm tengli)
- 5 Siemens sendar

Hringt í símann








Þú getur notað hátalarana í heyrnartækjunum og hljóðnemann í easyTek fyrir símtöl þegar þú hringir í símann.



Nauðsynleg skilyrði:

- Síminn þarf að styðja Bluetooth.
- Síminn þarf að vera paraður við easyTek (sjá kaflann „Pörun á Bluetooth-tækjum“).

Aðgerðir við símtöl



Aðgerð	Lýsing
Samþykkja / ljúka símtali	 ýttu stutt Valkostur: Notaðu aðgerð símans til að samþykkja/ljúka símtali.
Hafna símtali	 ýtt lengi (meira en 2 sekúndur) Valkostur: Notaðu aðgerð símans til að hafna símtali.
Hljóðstyrkur	 eða  Ýttu stutt á til að stilla þrep eftir þrep. Ýttu og haltu þar til æskilegum hljóðstyrk er náð.
Hljóðblandari	 og  Ýttu á báða hnappana samtímis til að skipta á milli eftirfarandi inngangsmerkja: <ul style="list-style-type: none">■ rödd viðmælandans og umhverfishljóða■ aðeins rödd viðmælandans
Símtal flutt	 ýttu tvisvar Flytur símtalið úr easyTek í símann eða úr easyTek í símann.

Frekari upplýsingar:


■ Hringt út:

Þegar þú hringir símtal þá tengjast heyrnartækin sjálfkrafa við símann.

Sumir símar styðja ekki þessa aðgerð. Ef þetta gerist:

- Stöðvaðu eða aftengdu alla aðra hljóðgjafa.
- Ýttu stutt á  og  til að tengja handvirkt.

■ Hringt inn:

□ Þegar einhver hringir í þig heyrst hringitónn í heyrnartækjunum og bláa LED-ljósið blikkar hratt .

□ Ef einhver hringir í þig er ekki hægt að slökka á easyTek.

■ Símtali hafnað:

Ekki styðja allir símar þessa aðgerð.

■ Tveir símar í notkun:

□ Ef báðir símarnir hringja samtímis gefur easyTek aðeins merki um fyrri hringinguna.

□ Ef þú ert í símanum með easyTek þá er ekki hægt að gefa merki um innhringingar úr hinum símanum. Þú þarft að ljúka símtalinu á fyrri símanum til að geta svarað símtalinu á seinni símanum.

□ Báðir símarnir þurfa að vera paraðir við easyTek.

- Símtal flutt:
Þessi aðgerð er hentug ef þú vilt láta einhvern annan fá símann.
- Ekki er hægt að setja símtal í bið með easyTek.
Notaðu aðgerðir símans til að setja símtalið í bið.
- Meðan á símtalinu stendur er ekki hægt að slökkva á heyrnartækjunum (í bið) og ekki er hægt að breyta heyrnarforritinu.
- Þegar þörun er komin á mælum við með því að slökkt sé á tónum hnappaborðsins.

Viðhald og þjónusta

Þrif



ÁBENDING




- ▶ Settu ekki fjarstýringuna ofan í vatn!
- ▶ Ekki skal þrifa fjarstýringuna með spritti eða hreinsuðu bensíni.




- ▶ Þrífið fjarstýringuna og hálslykkjuna eftir þörfum með þurrum eða aðeins rökum, mjúkum klút.
Notaðu aðeins eimað vatn til að væta klútinn.
- ▶ Forðastu að nota hvers konar hreinsiefni.

Afpörun

Hægt er að afpara öll tæki nema Siemens senda.

- ▶ Ýttu á  og  samtímis þar til bláa og appelsínugula LED-ljósið blikkar . Þetta tekur um 10 sekúndur.
easyTek afparar heyrnartækin og öll Bluetooth-tæki nema Siemens senda.

easyTek leitar að heyrnartækjum í grenndinni . Slökktu og kveiktu aftur á heyrnartækjunum til að para þau við easyTek. Um pörun á öðrum tækjum sjá „Pörun á Bluetooth-tækjum“.



Til að afpara Siemens senda þarf að nota easyTek appið.

Endurstilling

Ef kerfið hrynur eða ef easyTek bregst ekki við þegar þú ýtir á einhvern hnapp geturðu endurstíllt easyTek. Endurstillingin hefur ekki áhrif á stöðu þörunar. Öll þöruð tæki verða þöruð áfram.

- ▶ Notaðu langt, mjótt áhald t.d. tannstöngul úr tré eða plasti til að ýta á endurstillingarhnappinn.



Aðrar upplýsingar

Vinnslufjarlægð

- ▶ easyTek og heyrnartæki: Þú þarft að hafa easyTek um hálsinn og vera með heyrnartækin eins og venjulega.
- ▶ easyTek og þráðlausir hljóðgjafar: Hámarksfjarlægð er um 10 m eða 32 fet.

Uppsetning á heyrnartækjunum

Þú getur notað easyTek beint úr kassanum. Þú þarft aðeins að para heyrnartækin og æskileg Bluetooth-tæki.

Ef þú á hinn bóginn vilt hafa sérstakt forrit til að hlusta á tónlist (gegnum Bluetooth-hljómflutningstæki) eða þegar þú vilt hlusta á FM móttakarann:

- ▶ Fáðu heyrnarfræðinginn til að setja upp heyrnarforrit með æskilegum eiginleikum.

Þú getur notið hljómgæðanna enn betur með sérsniðnum hlustunarforritum.

Ef heyrnarfræðingur hefur sett upp nýtt heyrnarforrit fyrir heyrnartækin eða breytir stillingum á heyrnartækjunum þarftu að gera sem hér segir:

- ▶ Slökktu á easyTek og kveiktu á því aftur.

Nánari upplýsingar í kaflanum „Kveikt og slökkt á easyTek“.

- ▶ Paraðu heyrnartækin aftur.

Sjá nánar í kaflanum „Pörun á heyrnartækjum með easyTek“.

Nú þekkir easyTek nýju uppsetninguna á heyrnartækjunum.

Fylgihlutir

- Senditækjasett:

Bluetooth-sendir fyrir tæki sem styðja ekki Bluetooth.

- VoiceLink sett:

Bluetooth-sendir og kragahljóðnemi sem hægt er að afhenda ræðumönnum/kennurum til að notandinn geti sent út tal með árangursríkum hætti.

Fleiri fylgihlutir kunna að vera fáanlegir í þínu landi.

Fáðu upplýsingar hjá heyrnarfræðingi.

easyTek appið

Með easyTek App™ er þægilegt að nota heyrnartækin beint úr Android* snjallsíma, iPhone** eða spjaldtölvu.

Þú getur stjórnað heyrnartækjunum og hvernig þau vinna saman með öllum rafeindatækjunum þínum. Hvort sem þú ert að horfa á sjónvarp, hlusta á upphaldslagið eða spjalla við kunningjana á farsímanum þá er stjórn alls þessa í hendi þér.

Forsendur fyrir að nota appið:

- Þú þarft að hafa easyTek. Settu það á þig eins og venjulega og kveiktu á því.
- Snjallsíminn eða spjaldtölvun þarf að vera innan virks svæðis fyrir Bluetooth (um 10 m eða 32 fet).

Forsendur fyrir niðurhal og uppsetningu:

- Snjallsíminn eða spjaldtölvun þarf að hafa aðgang að internetinu.
- Þú þarft að eiga eða stofna reikning fyrir Google Play* Store (Android snjallsíma og spjaldtölvur) eða fyrir App Store** (iPhone eða iPad).

* Android og Google Play eru vörumerki Google Inc.

** iPhone og iPad eru vörumerki Apple Inc. skrásett í Bandaríkjunum og öðrum ríkjum. App Store er þjónustuauðkenni Apple Inc.

Niðurhal og uppsetning:

- ▶ Leitaðu að „easyTek“ í Google Play Store eða í App Store og settu appið upp á snjallsímanum eða spjalddölvunni.
- ▶ Appið er skráð undir heitinu „easyTek“ á snjallsímanum eða spjalddölvunni þar sem það er ræst.

Ef QR kóðalesari er settur upp á snjallsímanum eða spjalddölvunni geturðu einnig skannað QR kóðann og farið beint inn á tengjalista. Smelltu á viðkomandi tengil við niðurlagssíðu og settu uppsetninguna í gang.



Bilanagreining

Ef villa kemur upp þarf að athuga hvort þú gangir rétt með easyTek og að öll tæki séu innan virknisviðs. Sjá kaflana „Hvernig á að ganga með easyTek“ og „Virknisvið“.

Vandamál og hugsanlegar lausnir

Tækið virkar ekki.

- Gættu þess að tækið sé hlaðið og kveikt sé á því. Sjá kaflana „Hleðsla“ og „Kveikt og slökkt á easyTek“.
- Paraðu heyrnartækin aftur. Sjá kaflann „Pörun á heyrnartækjum“.
- Endurstilltu tækið. Sjá kaflann „Endurstilling“.

Ekki er hægt að para heyrnartækin.


- Afparaðu öll heyrnartæki og paraðu þau aftur. Sjá kaflann „Afpörun heyrnartækjanna“.

Streyming á hljóði rofnar.

- Gættu þess að hálslykkjan sé ekki snúin.
- Gættu þess að Bluetooth-tækið sé innan virknisviðs.
- Í einstaka tilfellum geta hálsfestar úr málmí truflað streymingu á hljóði. Taktu hálsfestina af þér.

Vandamál og hugsanlegar lausnir

Ytri hljóðgjafi er tengdur en ekki í gangi.

- Tengingar sem stungið er í samband: Gættu þess að tækið sé rétt tengt.
 - Þráðlausar tengingar: Tækið hefur ekki verið parað. Sjá kaflann „Pörun við Bluetooth-tæki“.
 - Fleiri en einn hljóðgjafi er tengdur og annar hljóðgjafi er framar í forgangs röðinni. Taktu hljóðgjafann sem ekki er notaður úr sambandi og ýttu á  til að stöðva þráðlausa streyningu úr ónotuðum hljóðgjöfum.
-

Hafðu samband við heyrnarfræðing ef þú lendir í frekari vandamálum.

Mikilvægar öryggisupplýsingar

Öryggi þitt



VIÐVÖRUN

Hætta á kyrkingu!

- ▶ Gættu þess að hálslykkjan flækist ekki í t.d. hreyfanlegum hlutum á vélum.
- ▶ Notaðu aðeins hálslykkjuna sem fylgir tækinu. Hún losnar sjálfkrafa ef hún flækist í.
- ▶ Láttu ekki börn yngri en 12 ára nota tækið.



VIÐVÖRUN

Hætta á köfnun!

Tækið inniheldur mjög smáa hluti sem hægt væri að gleypa.

- ▶ Geymið heyrnartæki, rafhlöður og aukabúnað þar sem börn og geðfatlaðir ná ekki til.
- ▶ Ef hlutur hefur verið gleypdur þarf að hafa samband við lækni eða sjúkrahús án tafar.



VIÐVÖRUN

Hætta á raflosti!

- ▶ Ekki skal nota tæki sem eru greinilega skemmd og skilið þeim á sölustað.



VIÐVÖRUN

Athugaðu að ef einhverjar óleyfilegar breytingar eru gerðar á vörinni getur það skemmt vöruna eða valdið meiðslum.

- ▶ Aðeins skal nota viðurkennda hluti og aukabúnað. Fáðu nánari upplýsingar hjá heyrnarfræðingi þínum.



VIÐVÖRUN

Hætta á raflosti!

- ▶ Tengdu hljóðinnganginn aðeins við tæki sem samrýmist IEC 60065, sem er IEC-staðall fyrir hljóð-, mynd- og annan rafeindabúnað.



VIÐVÖRUN

Þráðlaus kerfi geta truflað mælitæki og rafeindabúnað.

- ▶ Slökktu á tækinu inni á sjúkrahúsi eða í flugvél.



VIÐVÖRUN

Hætta á að trufla virk ígrædd tæki eða lífsnauðsynleg stoðkerfi!

- ▶ Ef þú ert með gangráð skaltu hafa samband við hjartasérfræðing áður en þú notar tækið.
- ▶ Um öll virk í grædd tæki og lífsnauðsynleg stoðkerfi: Láttu athuga rafsegulviðssamhæfið áður en þú notar tækið.



VIÐVÖRUN

Sprengihætta!

- ▶ Ekki skal nota fjarstýringuna í sprengifimu umhverfi (t.d. á námusvæðum).



VIÐVÖRUN

Hætta á sprengingu ef hleðslurafhlaða er meðhöndluð á rangan hátt.

- ▶ Gættu þess að skammhleypa ekki hleðslurafhlöðu, stinga gat á hana, kremja eða taka sundur.
- ▶ Áður en rafhlöðunni er fargað þarf að setja límband á rafskautin til að koma í veg fyrir skammhlaup sem gæti valdið því að rafhlaðan springur.
- ▶ Settu rafhlöðuna ekki í ofn eða opinn eld.
- ▶ Dýfðu rafhlöðunni ekki í vatn.
- ▶ Aðeins skal hlaða rafhlöðuna við hitastig á bilinu 0 °C til 45 °C.



Upplýsingar um váhrif af völdum geislunar frá útvarpstíðni

Geislunarorka tækisins er langt fyrir neðan váhrifamörk FCC. Samt þarftu að gæta þess að nota tækið þannig að sem mönnum stafi sem minnst hætta af tækinu við venjulega notkun þess.

Öryggi vörunnar



ÁBENDING

- ▶ Nauðsynlegt er að verja tækin fyrir miklum hita. Láttu ekki tækin vera í beinu sólarljósi.



ÁBENDING

- ▶ Nauðsynlegt er að verja tækin fyrir miklum raka.



ÁBENDING

- ▶ Þurrkaðu ekki tækin í örbylgjuofninum.



ÁBENDING

Ýmsar gerðir af sterkri geislun, t.d. við röntgenmyndatöku eða MRI rannsóknir á höfði geta skemmt heyrnartækin.

- ▶ Notaðu ekki tækin við slíkar eða svipaðar aðstæður.

Veikari geislun, t.d. frá útvarpsbúnaði eða öryggisbúnaði á flugvöllum veldur ekki skemmdum á tækjunum.



Í sumum löndum eru hömlur á notkun þráðlauss búnaðar.

- ▶ Hafið samband við innlend yfirvöld um nánari upplýsingar.



ÁBENDING

Heyrnartækin eru hönnuð til að samrýmast alþjóðlegum stöðlum um rafsegulsviðssamhæfi en truflun í sambandi við rafeindatæki í grenndinni gæti þó átt sér stað. Ef svo er þarftu að færa þig frá uppsprettu truflunarinnar.



ÁBENDING

Fyrir heyrnartæki með þráðlausri tengingu: Þegar spanlykkjukerfið er virkt getur fjarstýringin myndað púlsandi tón.

- ▶ Notaðu fjarstýringuna í fjarlægð sem er meiri en 10 cm (4 þumlungar).



ÁBENDING

- ▶ Fjarstýringin er forrituð til að hafa einungis samskipti við þín eigin heyrnartæki. Ef vandamál koma upp með fjarstýringu einhvers annars skaltu hafa samband við heyrnarfræðing.

Mikilvægar upplýsingar

Fyrirhuguð notkun

Fjarstýringin er ætluð til að stjórna heyrnartækjum.



Notaðu fjarstýringuna eingöngu eins og lýst er í þessari notendahandbók.

Tákn

Táknin sem notuð eru í þessum bæklingi



Táknar ástand, sem gæti valdið alvarlegum, umtalsverðum eða minni háttar slysum.



Gefur til kynna hugsanlegt eignatjón.



Ráð og vísbendingar um hvernig á að meðhöndla tækið betur.

Tákn á tækinu eða umbúðum þess



Lestu leiðbeiningarnar í notendahandbókinni og farðu eftir þeim.



CE merki um samræmi staðfestir samræmingu við tiltekna Evróputilskipanir. sjá kaflann „Upplýsingar um samræmingu“.



Samræmingarmerki EMC og þráðlaus fjarskipti fyrir Ástralíu.



Ekki skal farga tækinu með venjulegu heimilissorpi. sjá kaflann „Upplýsingar um förgun“.

Made for



iPhone



iPad

Tækið er sérstaklega hannað til að tengjast við iPhone og iPad. sjá kaflann „Upplýsingar um samræmingu“.

Flutningur og geymsla

Ef tækið er flutt eða sett í geymslu í langan tíma þarf að hafa í huga eftirfarandi skilyrði:

	Geymsla	Flutningur
Hitastig	10 til 40 °C	-20 til 60 °C
Rakastig	10 til 80 %	5 til 90 %

Önnur skilyrði geta átt við um aðra hluti, t.d. rafhlöður.

Tæknilegar upplýsingar um aflgjafann

Golden Profit GPE006H-050100-Z	
Inngangsspenna:	100-240 V AC
Inngangsstraumur:	0,5 A
Inngangstíðni:	50-60 Hz
Útgangsspenna:	5 V DC
Útgangsstraumur:	1 A

Upplýsingar um förgun

Innan Evrópusambandsins fellur merktur búnaður undir „Tilskipun 2002/96/EB Evrópuþingsins og ráðsins frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.“

Breytt með „tilskipun 2003/108/EC„ (WEEE).



ÁBENDING

- ▶ Endurvinnsla heyrnartækja, aukabúnaðar og umbúða þeirra skal fara fram í samræmi við innlendar reglur.



ÁBENDING

- ▶ Til að forðast umhverfismengun skal ekki henda rafhlöðum í heimilissorp.
- ▶ Endurvinnna skal rafhlöður eða farga þeim í samræmi við staðbundnar reglur eða skila þeim til heyrnarfræðings.

Upplýsingar um samræmingu

Með CE merkingunni staðfestir Siemens samrýmingu við Evróputilskipun 93/42/EBE um lækningatæki og Evróputilskipun 99/5/ESB (R&TTE) um endabúnað útvarps og fjarskipta.

Þráðlaus virkni

Siemens easyTek

FCC: SGI-WL400

IC: 267AB-WL400

Vinnslutíðni: $f_c = 3,28$ MHz

Hámarks sviðsstyrkur @ 10 m: -39,9 dB μ A/m

Hámarks sviðsstyrkur @ 30 m: 1,2 dB μ V/m

Upplýsingar um IC samræmingu eru aftan á tækinu.



N14203 (Samræmingarmerki fyrir EMC og þráðlaus fjarskipti í Ástralíu)

Þessi stafræni búnaður af flokki B samrýmist kanadíska ICES-003 staðlinum.

Allar breytingar eða uppfærslur á þessum búnaði sem ekki er leyfður beinum orðum af Siemens Audiologische Technik GmbH getur ógilt FCC vottun til notkunar á þessu tæki.

Tækið samrýmist 15. kafla reglna FCC og RSS-210 hjá Industry Canada.

Notkun er háð eftirfarandi skilyrðum:

- tækið má ekki valda skaðlegum truflunum og
- tækið þarf að taka við öllum truflunum sem það fær sendar, til dæmis truflun sem gæti valdið óæskilegri virkni.

Þessi búnaður hefur verið prófaður og samrýmist hann mörkum fyrir stafrænan búnað af flokki B skv. 15. gr. reglugerðar FCC. Þessi mörk eru hönnuð til að veita eðlilega vernd gegn skaðlegum truflunum þegar búnaðurinn er notaður í viðskiptaumhverfi. Þessi búnaður myndar, notar og getur geislað út útvarpsgeislaorku og ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við notendahandbókina getur hann valdið skaðlegum truflunum á þráðlausum fjarskiptum. Þó er ekki hægt að ábyrgjast að truflun geti ekki átt sér stað í tiltekinni uppsetningu. Ef þessi búnaður veldur skaðlegum truflunum á móttöku útvarps eða sjónvarps sem hægt er að staðfesta með því að slökkva og kveikja á tækinu er notandinn hvattur til að reyna að lagfæra truflunina með einni eða fleirum af eftirfarandi atriðum:

- Staðsetja móttökuloftnetið annars staðar eða snúa því.
- Auka fjarlægðina milli búnaðarins og móttakarans.
- Tengja búnaðinn við úttak á rás sem er frábrugðinn þerri sem móttakarinn er tengdur við.
- Hafa samband við söluaðila eða reyndan útvarps/ sjónvarpstæknimann um aðstoð.








Gert fyrir iPhone og iPad










„Gert fyrir iPhone“ og „gert fyrir iPad“ merkir að tækið hefur verið hannað sérstaklega til að tengjast við iPhone eða iPad og hönnuður hefur vottun um að samræmast kröfum Apple um nothæfi. Apple er ekki ábyrgt fyrir notkun þessa tækis né samræmingar þess við öryggis- og reglustaðla. Gættu að því að notkun þessa aukabúnaðar með iPhone eða iPad getur haft áhrif á þráðlaus afköst.

Sérstakar upplýsingar fyrir einstök ríki

Stutt yfirlit

Yfirlit yfir hnappa

Hnappur	Lýsing
 eða 	Stilla hljóðstyrk. Ýttu stutt á til að stilla þrep eftir þrep. Ýttu og haltu þar til æskilegum hljóðstyrk er náð.
 og  ýttu stutt	Aðeins meðan hljóðstreyming eða símtal er í gangi Skipta á milli eftirfarandi inngangsmerkja: <ul style="list-style-type: none">■ Hljóðinngangur/rödd viðmælanda og umhverfishljóð■ Hljóðinngangur/rödd viðmælanda eingöngu
 og  ýtt lengi (2 sekúndur)	Kveikir og slekkur á heyrnartækjunum (bið).
 ýtt stutt	<ul style="list-style-type: none">■ Þegar streyming á hljóði er í gangi: Stöðvar streymingu■ Engin streyming á hljóði: Skiptir á næsta heyrnarforrit■ Þegar slökkt er á heyrnartækjunum: Kveikir á heyrnartækjunum■ Hringt inn: Samþykkja símtal■ Meðan á símtali stendur: Ljúka símtali■ Bluetooth-pörun í gangi: Hætta við pörun

Hnappur	Lýsing
 ýta lengi	<ul style="list-style-type: none"> ■ Ekkert virkt símtal: Kveikt og slökkt á easyTek ■ Meðan á símtali stendur: Hafna símtali
 ýtt tvisvar	<ul style="list-style-type: none"> ■ Meðan á símtali stendur: Símtal flutt ■ Aðeins fyrir Siemens senda: Skiptir yfir á sendi eða skiptir á milli senda
 og 	Pörun við hefðbundin Bluetooth-tæki
 ,  og 	Pörun við Siemens sendi
 og 	Afpörun við öll tæki nema Siemens senda

Merking LED-ljósanna

Appelsínugult LED-ljós



Appelsínugult LED-ljós slökkt

▶ Rafhlaðan er fullhlaðin.



Blikkar hratt í 5 sekúndur...

...þegar ýtt er á hnapp: ▶ Lítil hleðsla á rafhlöðu.

...eftir að kveikt hefur verið á tækinu: ▶ Of lítil hleðsla á rafhlöðunni til að ræsa easyTek.



Blikkar hratt í 1 sekúndu

▶ Villa hefur komið upp.






Dæmi: Heyrnartækin eru ekki innan virknisviðs eða hálslykkjan er opin.













Stöðugt appelsínugult ljós

▶ Í hleðslu.

Blátt LED-ljós

-  Blátt LED-ljós slökkt
 - ▶ Engin streyning hljóðs og ekkert símtal er virkt.
-  Stöðugt blátt ljós
 - ▶ Streyming hljóðs er virk.
 - ▶ Símtal er virkt.
-  Blikkar hratt
 - ▶ Símtal á innleið.
-  Blikkar
 - ▶ Pörun við hefðbundin Bluetooth-tæki.
 - ▶ Nær sambandi við Siemens sendi.
-  Logar í 5 sekúndur eftir að blikka
 - ▶ Bluetooth-tæki er virkt.

Grænt LED-ljós

-  Grænt LED-ljós slökkt
 - ▶ Ekki hefur verið ýtt á neinn hnapp, engin hleðsla í gangi eða slökkt á easyTek.
-  Stöðugt grænt ljós (í hleðslu)
 - ▶ Hleðslu lokið.
-  Logar í 1 sekúndu eftir að ýtt hefur verið á hnappa
 - ▶ Skipt um heyrnarforrit eða stilling á hljóðstyrk.
-  Logar í 2 sekúndur eftir að ýtt hefur verið á hnappa
 - ▶ Kveikir og slekkur á heyrnartækjunum (bið).
-  Logar í 2 sekúndur eftir að kveikt hefur verið á
 - ▶ Kveikt er á easyTek.
-  Logar eins lengi og ýtt er á  eða 
 - ▶ Stilling á hljóðstyrk.
-  Blikkar
 - ▶ Nær sambandi við heyrnartæki.
-  Deyr út
 - ▶ easyTek slekkur á sér.

Grænt LED-ljós



Logar í 5 sekúndur, slokknar síðan

➤ Pörun við heyrnartæki lokið.

Nokkur LED-ljós



Blikkandi appelsínugult og blátt

➤ Allir Bluetooth-símar eru óparaðir.



Blikkandi grænt og blátt

➤ Leitar að Siemens sendum í grenndinni.

➤ Leitar að heyrnartækjum í grenndinni og Bluetooth-tækjum samtímis.

Löglegur framleiðandi

Siemens Audiologische Technik GmbH

Gebbertstrasse 125

91058 Erlangen

Þýskalandi

Sími +49 9131 308 0

Skjal nr. A91SAT-02360-99T01-7600 IS

Pöntun/hlutarnr. 108 241 69 | Master Rev02, 06.2014

© Siemens AG, 07.2014

www.siemens.com/hearing